

ársáætlun

 UMHVERFIS
STOFNUN

2017





UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Eftirfarandi ársáætlun fyrir árið 2017 er samþykkt af neðan-
greindum í samræmi við árangursstjórnunarsamning milli
umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar


FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR


FYRIR HÖND UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIS

Pistill forstjóra

Ársáætlun 2017 byggir á stefnumótun Umhverfisstofnunar fyrir árin 2013-2017 sem mótar umgjörð um alla okkar vinnu. Þetta er síðasta ár þessarar stefnumörkunar og verður því mikil vinna á árinu helguð yfirferð árangurs síðustu ára og stefnumótun til þeirra næstu. Margt hefur breyst frá því að núverandi stefna tók gildi, sprenging hefur orðið í fjölda ferðamanna sem sækir landið heim sem hefur skapað álag á ýmsa innviði, stór skref hafa verið stigin í baráttunni við loftslagsbreytingar og við höfum jafnframt þurft að takast á við ný vandamál eins og þá ógn sem sívaxandi magn plasts í hafinu getur verið fyrir heilbrigði hafsins til framtíðar. Við uppgjör stefnu okkar verður að huga vel að því hvar árangur hefur náðst og hvar þurfi að bæta í og hvar þurfi hreinlega nýja hugmyndafræði eða hugsun til að ná árangri.

Ársáætluninni er skipt upp eftir átta markmiðum stofnunarinnar og undir hverju og einu markmiði er að finna yfirlit yfir föst verkefni, fjölda þeirra, málshraðaviðmið og undir hvaða teymi þau heyra. Jafnframt er yfirlit yfir áhersluverkefni og gagnaskil á árinu auk rekstraráætlunar stofnunarinnar. Í ársáætlun er sett fram hvernig við munum vinna að þeim meginmarkmiðum sem við höfum sett okkur og getum í lok ársins mælt þann árangur. Ársáætlunin er þannig leiðarljós stofnunarinnar yfir árið. Grundvöllur fyrir árangur í stefnumótun Umhverfisstofnunar er skýr forgangsröðun og gott skipulag.

Hvaða árangri höfum við náð og hvar þurfum við að bæta í?

Eitt af mikilvægustu verkefnum ársins snúa að því að meta stöðuna í dag til að geta tekið góðar ákvarðanir til framtíðar. Við settum okkur markmið, spurning er hversu vel gekk okkur að ná þeim. Til þess að geta haft skýra sýn og stefnu til framtíðar er nauðsynlegt að þekkja undirlagið vel. Við munum greina þær breytingar sem orðið hafa og setja fram áætlun byggða á lögum, stefnu stjórnvalda og alþjóðlegum samningsskuldbindingum um hvar við þurfum helst að ná árangri.

Ný lög um opinber fjármál setja fram nýjar kröfur um skipulag hjá stofnuninni og við fögnum því að meiri tenging sé á milli fjárveitinga, skyldna sem ríkið hefur tekið á sig og þeim árangri sem stefnt er að. Stofnunin á að setja sér 3ja ára hlaupandi áætlanir til að auka fyrirsjáanleika í rekstri stofnunarinnar og leggja aukna áherslu á að þeim árangri sem stefnt sé að sé náð og honum miðlað. Vinna við nýja stefnumótun hjá stofnuninni mun taka mið af þessum nýju lögum og má því gera ráð fyrir meiri áherslu á mælanleika á árangri og miðlun árangurs.

Miðlum árangri

Við leggjum áfram mikla áherslu á að miðla árangri, miðla góðum upplýsingum og reyna að fá sem flesta í lið með okkur. Gríðarlega mikilvægt er að almenningur hafi áhuga á umhverfismálum enda hefur umhverfið áhrif á okkar líf og heilsu til framtíðar og eins komandi kynslóða. Til þess að ná til mismunandi markhópa þurfum við að beita mismunandi aðferðum. Stundum dugar fréttatilkynning til að velja athygli á brýnu máli en til að ná til yngstu kynslóðarinnar þurfum við að verða enn betri í að nota samfélagsmiðlana. Ekki má gleyma að unga kynslóðin er líka neytendur og við þurfum að passa upp á að beina þeim upplýsingum sem hún þarf að fá til að taka góðar ákvarðanir á þá staði sem ná til hennar.

Við viljum leggja okkur fram við að koma umhverfisupplýsingum á framfæri á skiljanlegu máli og jafnvel stundum á skemmtilegan hátt.

Saman náum við árangri sem endist

Umhverfisstofnun hefur síðustu ár lagt aukna áherslu á samráð við helstu hagsmunaaðila, sveitarfélög og systurstofnanir. Við viljum tryggja að við setjumst niður og ræðum helstu samvinnuverkefni og áherslumál. Við trúum á að góð samvinna sé besta leiðin til að bæta þjónustu fyrir alla.

Mikilvægt er að við skýrum umgjörð ferðaþjónustunar á Íslandi, við þurfum að taka ákvarðanir og setja mörk sem skila sem mestri sátt. Ein mesta áhættan fyrir ferðaþjónustuna til langframa er að umgjörðin sé ekki skýr, ákvarðanir séu ekki teknar og að uppbygging innviða og heildarþróun greinarinnar líði fyrir það. Við viljum leggja okkar að mörkum til að greinin starfi í sátt og samlyndi við land og þjóð.

Skilvirkni teymisvinnu

Afrakstur frjórrar vinnu starfsfólks við stefnumótun Umhverfisstofnunar 2013-2017 leiddi til nýstárlegs skipurits, þar sem horfið var frá lagskiptu skipuriti til flæðiskipurits með 12 fagteymum sem eru meginstoðirnar í faglegu starfi stofnunarinnar. Fyrir hverju teymi fer teymisstjóri sem hefur yfirsýn yfir verkefni teymismeðlima og framvindu þeirra auk þess sem hann forgangsraðar verkefnum og dreifir álagi eftir bestu getu. Þegar horft er til sl. fjögurra ára virðast kostirnir við teymisvinnu fleiri en færri þó vissulega sé tímabært að rýna betur. Áhersla hefur verið lögð á góða samvinnu og sýnileika verkefna t.d. með Kanban töflum og að styrkleikar hvers starfsmanns fái notið sín.

Árangur í teymum hefur verið metinn árlega undanfarin þrjú ár. Þar hafa sömu þættir verið mældir og teymi getað nýtt niðurstöður til að vinna að úrbótum eða gera enn betur. Meginniðurstöður kannananna hafa sýnt a) að fólki finnst gott að vinna í teymi, b) að starfsfólk leggur sig fram við að veita góða þjónustu, c) að verkefnaálag þarf að endurskoða í nokkrum teymum og d) að verkefnadreifingu þarf að skoða m.t.t. verkefnaálags.

Teymin eru misjöfn að uppbyggingu, stærð, dreifð teymismeðlima á milli landshluta og hversu þvert þau vinna á stofnunina. Skilvirkni teyma með ánægðu starfsfólki, þar sem ríkir traust og góð samvinna er þó alltaf lykilatriði til að vel takist. Á árinu 2017 verður farið í vinnu við að móta stefnu til næstu fimm ára. Mikilvægt er að skoða hvað gengur vel til í teymum og með hvaða leiðum er hægt að efla þau enn frekar þó stefnumótunarvinna leiði ef til vill til einhverra áherslubreytinga á teymisskipan. Hverju teymi hefur því boðist að fá utanaðkomandi ráðgjafa á vinnufund fyrri hluta árs 2017 til að rýna hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara. Vonir standa til að teymisvinna eflist enn frekar og teymismeðlimir fái nýjar hugmyndir og jafnvel verkfæri til að vinna með til að virkja skilvirka og ánægjulega teymisvinnu.

Framtíðarsýn Umhverfisstofnunar

Við gegnum leiðandi hlutverki í sjálfbærri þróun í samfélaginu í þágu allra landsmanna og náttúrunnar.

VIÐ NÁUM ÞESSU FRAM MEÐ ÞVÍ AÐ

- » *Afla, meta og miðla bestu upplýsingum og þekkingu um ástand umhverfisins.*
- » *Beita stýrandi og hvetjandi aðgerðum til árangurs*
- » *Efla samráð og veita góða þjónustu*

- » *Búa yfir nauðsynlegu skipulagi, þekkingu, stjórn tækjum og verkfærum*
- » *Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum*

Markmiðin sem sett eru fram myndrænt eru sex umhverfismarkmið sem endurspegla megináskoranir okkar í umhverfismálum. Undirstaða þeirra eru tvær stöðir sem snúa að samvinnu, verklagi og aðbúnaði til þess að ná árangri.

Miðlum, miðlum, miðlum

Umhverfisstofnun hefur á síðustu tveimur árum verið í stórsókn á samskiptamiðlinum Facebook. Á tímabilinu hefur stofnunin markvisst fjölgað fylgjendum sínum úr 600 í tæplega 6.000 sem er tíföldun. Þetta hefur tekist með því að birta á mannamáli, stutt og kjarnyrt upplýsingar sem varða almenning beint. Við viljum gera enn betur á nýju ári og það verður verkefni hvers teymis að skila upplýsingateymi að minnsta kosti einni frétt mánaðarlega og einu efni fyrir Facebook.

Framkvæmdir á ferðamannastöðum hafa aukist verulega á vegum Umhverfisstofnunar samhliða mikilli fjölgun ferðamanna. Viljum við gera enn betur í að miðla frá því mikla framkvæmdastarfi sem er unnið um land allt. Eins kemur til framkvæmda á árinu samstarf Umhverfisstofnunar og KrakkaRúv um gerð sex sjónvarpsþátta fyrir

börn Um umhverfismál, en þættirnir verða teknir upp í ársbyrjun og sýndir á vordögum.

Umhverfisstofnun vill vera leiðandi í opinberri umræðu um umhverfismál. Í því felst að koma á framfæri upplýsingum um stöðu mála og taka fagnandi allri umræðu um okkar verkefni. Við forðumst aldrei opinbera umræðu og veitum alltaf bestu upplýsingar. Umhverfisstofnun hefur það að leiðarljósi að miðla meira heldur en minna.

Umhverfisstofnun leggur sig fram um að veita fjölmiðlum forgangspjónustu og hægt er ná sambandi við okkur hvenær sem er, allt árið um kring, í gegnum upplýsingafulltrúa og sé það mögulegt svörum við alltaf samdægurs. Upplýsingum um neikvæða stöðu mála, s.s. mengun eða skemmdir á náttúru, er komið á framfæri við fyrsta tækifæri.

Fagmennska

Við öflum bestu þekkingar og gagna og tökum ákvarðanir byggðar á þeim. Við leggjum áherslu á gegnsæi og rétt almenning til upplýsinga um öll okkar störf.

Samvinna


Við nýtum styrkleika hvers annars og vinnum saman að úrlausn ólíkra verkefna. Við leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila.


Framsýni

Við horfum til framtíðar og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála. Við erum leiðandi afl í samfélaginu með sjálfbæra þróun að markmiði í öllu okkar starfi.

Virðing

Við berum umhyggju fyrir umhverfinu, erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið felur okkur og komum fram af heiðarleika og sanngirni.





Verkefnin tala sínu máli

Verkefni ársins 2017 eru birt undir viðeigandi markmiðum. Þau sýna þá aðgerðaráætlun sem stofnunin mun vinna eftir á þessu lokaári stefnumótunar Umhverfisstofnunar fyrir árin 2013-2017. Við gerð ársáætlunar er kappkostað að setja saman áætlun sem gerir okkur kleift að vinna skipulega til þess að ná betri árangri. Tengsl eru á milli áhersluverkefna og afgreiðsluverkefna og undir liðinn áhersluverkefni eru eingöngu sett þau verkefni sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til þess að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt og sinni lögbundnum afgreiðsluverkefnum.

Í yfirliti yfir fjölda afgreiðsluverkefna eru settar fram rauntölur ásamt mati á því hver fjöldi þeirra verði á næsta ári. Rétt er að benda á að vinna við einstök verkefni innan flokkanna getur verið mjög mismunandi og að hér eru eingöngu tiltekin helstu afgreiðsluverkefni stofnunarinnar. Þau árlegu gagnaskil sem stofnunin ber ábyrgð á er hægt að finna undir viðeigandi markmiði.

Í yfirliti yfir afgreiðsluverkefni eru sett fram máls- hraðaviðmið þar sem það á við. Málshraði er gefinn upp í dögum og eru frídagar innifaldir í heildartölu nema málskraði sé skemmri en fimm dagar.

Hreint loft & takmörkun gróðurhúsaáhrifa

Við viljum hreint loft hvar sem er á landinu. Loftgæði verða að standast kröfur á landsvísu og alþjóðamælikvarða. Íslendingar eiga að uppfylla alþjóðlegar skyldur sínar í loftslagsmálum. Upplýsingar um loftgæði og loftslagsmál verða aðgengilegar öllum.

Áhersluverkefni

	TEYMI
Greina gagnaparfir vegna NIR/LRTAP (ársáætlun 2017)	Gagna
Umbótaáætlun fyrir iðnaðarluta ETS	Loftmengun
Innleiða breytingatillögur sem koma fram í NIR úttekt	Loftmengun
Innleiða breytingatillögur sem koma fram í LRTAP úttekt	Loftmengun
Uppfæra Black Carbon tölur í LRTAP í sbr Norðurskautsráðið	Loftmengun
Samvinnuáætlun um aukid samstarf loftmengunarteymis og eftirlitsteymis með áherslu á upplýsingamiðlun	Loftmengun
Miðlun og kynning á nýju loftgæðastjórnunarkerfi til almennings	Loftmengun
Verkferill um móttöku og yfirferð vöktunaráætlana	Loftmengun
Íslenskur útdráttur úr NIR	Loftmengun
ETS iðnaður. Verkferill fyrir umsókn losunarleyfis	Loftmengun
Tillaga Umhverfisstofnunar um 12 ára áætlun um loftgæði	Loftmengun
Fræðsluefni um matarsóun fyrir grunnskólabörn	Neytenda

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁL-SHRÁÐI
Yfirferð skýrsla vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði	9	9	9	9	10	10	11	Loftmengun	60
Afgreiðsla umsókna um losunarleyfi vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	5	5	2	1	2	2	1	Loftmengun	-
Yfirferð vöktunaráætlana vegna staðbundina starfsstöðva í iðnaði	5	4	4	4	3	1	1	Loftmengun	-
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	0	0	2	2	0	1	0	Loftmengun	-
Yfirferð vöktunaráætlana vegna flugs	1	2	0	0	0	1	0	Loftmengun	-
Yfirferð losunarskýrsla vegna flugs	0	0	8	6	4	5	5	Loftmengun	-
Útreikningur og/eða úhlutun losunarheimilda	5	10	13	11	10	10	10	Loftmengun	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	5	4	2	2	1	3	2	Loftmengun	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Árleg samantekt um óson	EEA	30.09.2017	Loftmengun
* Bráðabirgðatölur um losun gróðurhúsalofttegunda ársins á undan	Commission	31.7.2017	Loftmengun
ETS. Losunarskýrslur flugrekenda	ESA	31.12.2017	Loftmengun
ETS. Skýrsla um framkvæmd viðskiptakerfis (Art. 2.1. Eionet)	UNFCCC	30.06.2017	Loftmengun
ETS. Skýrsla um stöðu skráningarkerfis (SIAR skýrsla)	UNFCCC	30.06.2017	Loftmengun
ETS. Upplýsingar um vöktunaráætlanir flugrekenda	EUROCONTROL	31.12.2017	Loftmengun
Gögn um svæðisskiptingu og staðsetningu loftgæðamælistöðva	EEA	31.12.2017	Loftmengun
Skýrsla um áætlanir og aðgerðir í loftgæðamálum	EEA	31.12.2017	Loftmengun
Skýrsla um framkvæmd reglugerðar nr. 749/2014	ESB	15.01.2017	Loftmengun
Skýrsla um innflutning ósóneyðandi efna	UNEP	30.09.2017	Efnamál
Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda	EEA	15.01.2017	Loftmengun
Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15.04.2017	Loftmengun
Skýrsla um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15.02.2017	Loftmengun
Skýrsla um ósóneyðandi efni	ESA	30.09.2017	Efnamál
* Skýrslur um loftgæði og loftgæðamælingar skv 2011/850/EU	EEA	30.09.2017	Loftmengun
* Spá um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15.03.2017	Loftmengun
* Töluleg gögn um losun gróðurhúsalofttegunda	EEA	15.01.2017	Loftmengun
Töluleg gögn um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15.04.2017	Loftmengun
* Töluleg gögn um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15.02.2017	Loftmengun

* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Core Data Flows: <http://goo.gl/sI3V0M>

Verndun náttúru & líffræðilegrar fjölbreytni

Við verndum lífríki og jarðminjar fyrir komandi kynslóðir. Við viljum koma á neti verndarsvæða og vinna að gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði á landinu. Eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum verður eftl. Hefta þarf útbreiðslu framandi ágengra tegunda.

Áhersluverkefni

	TEYMI
Forgangsröðun um endurskoðun eldri friðlýsingarákvæða	Friðlýsingar
Greining á gögnum í tengslum við friðlýst svæði og val á hugbúnaði	Friðlýsingar
Átak í upprætingu lúpínu á friðlýstum svæðum sem endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni	Náttúrusvæða
Matslykill á hvar öryggisáætlanir þurfa að liggja fyrir á svæðum með takmarkaða umsjón	Náttúrusvæða
Úttekt á ástandi friðlýstra svæða á Suðvesturlandi og Austurlandi - með nýrri aðferðarfræði	Náttúrusvæða
Skilgreina störf landvarða skv. nýjum náttúruverndarlögum	Náttúrusvæða
Landvarðahandbók	Náttúrusvæða
Tillögur um samræmingu þvingunarúrræða skv. sérlögum við náttúruverndarlög	Umsagna- og leyfis
Rafræn skil sveitafélaga á refa- og minkaskýrslum	Veiði- og verndar
Stefnumótun um rekstur þriðja aðila á friðlýstum svæðum	Yfirstjórn
Innleiðing Náttúruverndarlaga 60/2013 dreifing ábyrgðar á nýjum verkefnum	Yfirstjórn
Endurskoðun kjarnastarfsemi á friðlýstum svæðum	Yfirstjórn
Minnisblað um stjórnþæki vegna álags af völdum ferðamanna	Yfirstjórn
Verkskipt utanumhald um framkvæmdir á friðlýstum svæðum	Yfirstjórn

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRADI
Friðlýsingar	1	3	2	0	4	1	3	Friðlýsingar	-
Ársfundur náttúruverndarnefnda	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingar	-
Skýrsla um friðlýsingar	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingar	-
Verndar- og stjórnunaráætlanir	8	5	7	5	10	3	11	Friðlýsingar	-
Landvarðanámskeið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi sjálfboðaliðavikna	400	412	400	406	400	351	360	Náttúrusvæða	-
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	10	27	20		25	20	25	Náttúrusvæða	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fræðslu- og upplýsingakilti á friðlýstum svæðum	12	9	11	10	9	6	7	Náttúrusvæða	-
Útgefnir bæklingar	0	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi landvörsluvikna	139	203	149	228	206	256,5	362	Náttúrusvæða	-
Ástandsskýrsla - rauði listinn	1	1	1	1	1	0	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi eftirlitsferða vegna leyfa á friðlýstum svæðum		26	36	38	45	48	45	Náttúrusvæða	-
Fjöldi afgreiðslu leyfisumsókna á friðlýstum svæðum		53	60	61	70	68	70	Náttúrusvæða	-
Skráning refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa)	70	48	60	51	60	47	60	Veiði- og verndar	60
Tímabundin lokun svæða	-	-	-	-	-	-	5	Umsagna- og leyfisteymi	-
Leyfi til utanvegaaksturs	-	-	-	-	-	-	10	Umsagna- og leyfisteymi	-
Takmörkun eða lokun svæða í óbyggðum	-	-	-	-	-	-	5	Umsagna- og leyfisteymi	-
Ákvörðun um ólögætar hindranir	-	-	-	-	-	-	5	Umsagna- og leyfisteymi	-
Samþykkt vegaskrár	-	-	-	-	-	-	10	Umsagna- og leyfisteymi	-
Umsagnir vegna framkvæmda sem hafa áhrif á friðlýst svæði	-	-	-	-	-	-	10	Umsagna- og leyfisteymi	-
Áskorun að láta af athöfnum eða athafnaleysi	-	-	-	-	-	-	5	Umsagna- og leyfisteymi	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
* Skrá yfir verndarsvæði (CDDA-1)	EEA	15.03.2017	Friðlýsingar

* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Core Data Flows: <http://goo.gl/sl3V0M>

Verndun hafs & vatns

Við viljum að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Hafið umhverfis landið þarf að vera hreint. Þá viljum við að Ísland sé leiðandi á alþjóðavísu í vörnum gegn mengun sjávar enda virðir mengun ekki landamæri.

Áhersluverkefni

	TEYMI
Endurskoðun áfanga- og verkáætlunar vegna stjórnar vatnamála	Haf og vatn
Endurskoðun á skilgreiningum gerða fyrir ár og vötn	Haf og vatn
Útfærslur á sýnatöku vegna bráðamengunar utan hafna	Haf og vatn
Fræðslufni um móttöku á úrgangi frá skipum og eftirlit Umhverfisstofnunar	Haf og vatn
Fræðslufni um skyldur íslenskra aðila skv. ákvæðum samnings um varnir gegn mengun frá skipum.	Haf og vatn
Forgangslisti verkefna sem Umhverfisstofnun kaupir af þriðja aðila	Haf og vatn
Verklag til að tryggja eftirlit með framfylgd alþjóðlegra samninga og upplýsingagjöf til UAR	Haf og vatn

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Leyfi fyrir varpi í hafið	3	8	5	14	8	8	9	Haf og vatn	30
Samþykki fyrir lagningu sæstrengja	0	1	0	1	1	1	1	Haf og vatn	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	3	2	10	0	48	20	20	Haf og vatn	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	1		1	1	1	0	1	Haf og vatn	-
Eftirlit með móttöku úrgangs frá skipum	-	-	-	19	12	12	18	Haf og vatn	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Eftirlitsflug og mengunaróhöpp	CPH	01.10.2017	Haf og vatn
Framburður efnamengunar með ám (RID)	OSPAR	01.11.2017	Haf og vatn
* Gögn um gæði ferskvatns (Water Quality)	EEA	28.02.2017	Haf og vatn
* Gögn um losun efna í vatn (Water Emissions)	EEA	28.02.2017	Haf og vatn
* Gögn um magn ferskvatns (Water Quantity)	EEA	28.02.2017	Haf og vatn
* Gögn um mælingar í sjó (ME-1; EEA sækir gögn til ICES)	EEA	31.10.2017	Haf og vatn
Innflutningur svartolíu	IMO	30.04.2017	Haf og vatn
* Landfræðileg gögn um ferskvatn (Spatial Data)	EEA	28.02.2017	Haf og vatn
Monitoring Programme (CEMP)	OSPAR	31.07.2017	Haf og vatn
Skýrsla um varp á úrgangi í hafið	OSPAR	01.09.2017	Haf og vatn

* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Core Data Flows: <http://goo.gl/s13V0M>

Heilnæmt umhverfi

Við viljum skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Tryggja að á markaði séu ekki efni eða vörur sem innihalda skaðleg efni. Við stuðlum að því að framleiðendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og almenningur upplýstur um rétt sinn. Við vinnum að bættri hollustuvernd með samræmingu og í samstarfi við heilbrigðisnefndir.

Áhersluverkefni

	TEYMI
Uppfærsla á heimasíðu um efni og efnablöndur á ensku	Efnamál
Eftirlitshandbók fyrir efnaeftirlit Umhverfisstofnunar	Efnamál
Tillögur að endurskoðun á efnalögum	Efnamál
Samráðsfundur um áherslur við tollafgreiðslu á efnum og efnavörum	Efnamál
Upplýsingar fyrir innflytjendur um leyfileg virk efni í sæfivörum	Efnamál
Könnun á þekkingu almennings á hættumerkjum	Efnamál
Handbók um hollustuhætti	Neytenda

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁL- HRAÐI
Notendaleyfi	120	82	42	62	55	60	25	Efnamál	20
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi plöntuverndarvara	8	0	3	0	2	0	5	Efnamál	120
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi sæfivara	4	2	3	1	3	2	5	Efnamál	90
Útgáfa leyfisnúmera vegna tollaafgreiðslu	-	-	-	-	-	185	138	Efnamál	
Fjöldi eftirlitsverkefna	-	-	-	-	-	10	14	Efnamál	

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Skýrsla um gæði fljótandi jarðefnaeldsneytis	ESA	30.06.2017	Efnamál
Skýrsla um magn brennisteins í fljótandi eldsneyti	ESA	30.06.2017	Efnamál
Skýrsla um þrávirk lífræn efni	ESA	31.03.2017	Efnamál

Sjálfbær nýting auðlinda

Við viljum stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda, s.s. hráefna, jarðefna, villtra dýrastofna, orku og ferðamannastaða. Við munum halda auðlindabókhald. Draga þarf úr myndun úrgangs og efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu enda er úrgangur verðmætt hráefni. Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum úrgangs á umhverfi og heilsu manna.

Áhersluverkefni

Þarfagreining á samtengingu veiðigrunna	Gagna
Fræðslufundir fyrir hagsmunaaðila um úrgangsstjórnun	Neytenda
Leyfisveitingar vegna urðunar sóttmengaðra dýrahraja	Neytenda
Kortlagning magns úrgangs sem fluttur er á Annex VII (1)	Neytenda
Eftirlitsáætlun vegna flutnings hættulegs úrgangs á milli landa	Neytenda
Árangur gegn sóun	Neytenda
Þarfagreining um gagnvirka veiðidagbók	Veiði-og verndar
Bætt eftirlit með hreindýraveiðum.	Veiði-og verndar
Áskoranir í veiðistjórnun á Íslandi.	Veiði-og verndar
Ráðstefna um veiðistjórnun til framtíðar	Veiði-og verndar
Stjórtæki í veiðistjórnun á Norðulöndunum.	Yfirstjórn

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	7	5	8	9	8	7	7	Eftirlit	-
Leyfi til urðunar á sóttmengaðum dýraúrgangi	2	16	16	14	14	1	5	Neytenda	3
Útgefin Svansleyfi	3	3	3	1	2	6	5	Neytenda	-
Endurvottun Svansleyfi	9	0	19	19	8	8	7	Neytenda	
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa	18	25	25	17	17	16	18	Neytenda	30
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	3	2	4	5	4	3	2	Umsagna-og leyfis	90
Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda)	24650	24614	24650	24570	24600	22631	24600	Veiði-og verndar	-
Fjöldi veiðinámskeiða	24650	24683	24650	24524	24600	16514	24570	Veiði-og verndar	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	1	0	1	0	1	0	1	Veiði-og verndar	-
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	95	92	92	91	92	84	92	Veiði-og verndar	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	12000	12270	12000	11887	12000	10737	12000	Veiði-og verndar	-
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	4000	3602	4000	3673	4000	3209	4000	Veiði-og verndar	-
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	5	1	5	1	100	99	7	Veiði-og verndar	40
Útgefin veiðikort	12000	11985	12000	11523	12000	10600	12000	Veiði-og verndar	3
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiði	1277	1237	1412	1348	1300	1237	1315	Veiði-og verndar	5 - 7
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	20	20	20	14	20	8	15	Veiði-og verndar	15
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga		20	20	12	20	29	40	Veiði-og verndar	-
CITES leyfisveitingar	30	39	30	13	20	19	20	Veiði-og verndar	15
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	2	3	2	1	2	0	2	Veiði-og verndar	14
Umsagnir um undanþágur á inn- flutningi á framandi lífverum	3	2	3	5	2	2	2	Veiði-og verndar	-
Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn	12	32	32	16	30	5	15	Veiði-og verndar	

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Árleg skýrsla til Basel samningsins	SBC	31.12.2016	Neytenda
Árleg viðbótarskýrsla um flutning á úrgangi	ESA	31.12.2016	Neytenda
Brennsla úrgangs- Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2000/76/EC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Byggingar- og niðurrifsúrgangur -Tölfræði og staða markmiða fyrir árið 2015	Hagstofu	30.11.2016	Neytenda
Heimilisúrgangur- Tölfræði og staða markmiða fyrir árið 2015	Hagstofu	30.11.2016	Neytenda
* Kortlagning hávaða fyrir stóra vegi og þéttbýlissvæði	ESA	15.07.2017	Neytenda
Olíuúrgangur - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 75/439/EEC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Rafhlöður og rafgeymar - Tölfræði og staða markmiða fyrir söfnun og endurvinnslu árið 2015	Hagstofu	30.06.2016	Neytenda
Rammatilskipun um úrgang - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2008/98/EC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Seyra - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 86/278/EEC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Summary of notification of deliberate releases of GMOs for any other purpose than for placing on the market	DG ENV (EC)	Eftir þörfum	Umsagna-og leyfis
Summary report on class 3 and class 4 contained uses	DG ENV (EC)	31.12.2016	Umsagna-og leyfis
Sustainable Development Indicator on Municipal Waste fyrir árið 2015	Hagstofu	30.11.2016	Neytenda
Títaníumdíoxíðiðnaður - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 78/176/EEC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Tölfræði fyrir árið 2014 til birtingar í Landshögum	Hagstofu	01.04.2016	Neytenda
Umbúðaúrgangur - Tölfræði og staða markmiða árið 2014	Hagstofu	30.06.2016	Neytenda
Umbúðir - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 94/62/EC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Upplýsingar til UAR fyrir Annual report árlega	CITES	Eftir óskum	Veiði-og verndar
Upplýsingar til UAR fyrir Biannual report annað hvert ár	CITES	Eftir óskum	Veiði-og verndar
Urðun úrgangs - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 1999/31/EC	ESA	30.06.2016	Neytenda
Úr sér gengin ökutæki- Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2000/53/EC	ESA	21.01.2016	Neytenda
Úr sér gengin ökutæki- tölfræði og staða markmiða árið 2014	Hagstofu	30.06.2017	Neytenda
Úrgangur frá námuiðnaði-Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2006/21/EC	ESA	01.02.2016	Neytenda
WEEE-Tölfræði og staða markmiða árið 2015	Hagstofu	30.06.2016	Neytenda

* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Core Data Flows: <http://goo.gl/sI3V0M>

Grænt samfélag

Við viljum taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun. Auka þarf vistvæn innkaup hjá stofnunum og fyrirtækjum og hlut umhverfismerktar vöru í innkaupum almennings. Við upplýsum almenning og fyrirtæki um leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Við viljum auka vitund almennings um tengsl lýðheilsu og útivistar. Við veitum upplýsingar til almennings um ástand umhverfisins.

Áhersluverkefni

Átak í að fjarlægja ummerki um utanvegaakstur	Náttúrusvæða
Græn helgi	Náttúrusvæða
Uppfærsla á heimasíðu Svansins	Neytenda
Gerð verkferla fyrir CRM-kerfi Svansins	Neytenda
Uppfærsla á grænn.is	Neytenda
Kynna Svaninn fyrir nýjum fyrirtækjum	Neytenda
Markaðsáttak og miðlun vefsíðunnar grænn.is	Neytenda
Gjaldtaka fyrir blómmerktar vörur á markaði	Neytenda
Umhverfismarkmið og stjórnun fyrirtækja	Umsagna- og leyfis
Uppfærsla á heimasíðu-friðlýst svæði	Upplýsinga
Sjónvarpsþættir í samstarfi við KrakkaRúv	Upplýsinga

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRADI
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	50	52	50	50	50	37	45	Eftirlit	
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi	8	9	8	5	8	0	5	Eftirlit	
Umsóknir um Svansleyfi	5	5	5	1	3	8	5	Neytenda	-
Yfirferð árskýrslna leyfishafa Svansins	25	16	6	6	19	19	25	Neytenda	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	23	7	6	6	3	7	11	Neytenda	-
Viðbótareftirlitsferðir Svansins	0	0	0	0	0	1	0	Neytenda	

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
* Skýrsla um útstreymisbókhald (e-PRTR)	ESA	31.03.2016	Eftirlit

* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Core Data Flows: <http://goo.gl/s13V0M>

Samþætting & eftirfylgni

Við viljum tryggja bættu framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bættu þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

Áhersluverkefni

Verkferill um reglubundið eftirlit - uppfærsla	Eftirlit
Áætlun um sýnatökur til 3ja ára	Eftirlit
Áhættumat fyrir mengandi starfsemi og erfðabreyttar lífverur	Eftirlit
Verkferill um rýni á niðurstöðum umhverfissvöktunar	Eftirlit
Áætlun um vefgátt fyrir gagnaskil.	Gagna
Skil á losunarbókhalði á EMEP-formi	Gagna
Útbúa kynningarefni vegna nýrra náttúruverndarlaga	Umsagna-og leyfis
Endurskoðun ferils vegna útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi	Umsagna-og leyfis
Verkferill vegna leyfa til utanvegaaksturs	Umsagna-og leyfis
Endurskoðun með áherslu á eftirfylgni vegna tilvísana mála til lögreglu	Umsagna-og leyfis
Gátlisti um deiliskipulag um framkvæmdir á friðlýstum svæðum	Umsagna-og leyfis
Undirbúningur árlegra samráðsfunda með skipulags- og byggingafulltrúum	Umsagna-og leyfis
Setja upplýsingar um leyfi og eftirlitsskýrslur með framkvæmdum á friðlýstum svæðum á heimasíðuna	Upplýsinga
Endurskoðun reglna um CITES samninginn	Veiði-og verndar
Örygg og rétt meðferð persónuupplýsinga í gagnagrunnum Umhverfisstofnunar	Yfirstjórn
Samþættur verkferill um leyfisveitingar á þjóðlendum	Umsagna- og leyfis

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRADI
Tillögur að reglugerðum	15	16	15	31	20	17	15	Eftirlit	-
Greiningar á EES - gerðum	100	164	120	72	90	115	100	Eftirlit	-
Mengunarvarnaeftirlit	150	141	95	95	90	90	85	Eftirlit	-
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnaeftirlits	40	24	30	34	25	8	20	Eftirlit	-
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	30	18	15	9	12	7	10	Umsagna-og leyfis	-
Umsagnir vegna stjórnáskilgæra	3	3	2	6	5	11	10	Umsagna-og leyfis	14
Mat á umhverfisáhrifum	50	44	50	39	30	52	50	Umsagna-og leyfis	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	210	185	215	235	224	199	200	Umsagna-og leyfis	120
Starfsleyfi - útgefin	15	15	12	22	29	9	38	Umsagna-og leyfis	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	25	14	20	15	15	22	15	Umsagna-og leyfis	14
Leyfisveitingar vegna rannsóknaleyfa á friðlýstum svæðum				9	12	25	20	Umsagna-og leyfis	

Leiðandi stofnun

Við viljum starfa í öflugri stofnun þar sem skipulag, þekking, tæki og tól eru til staðar til að veita landsmönnum góða þjónustu. Við viljum geta sinnt skyldum okkar og verkefnum í átt að sjálfbærri þróun. Við stuðlum að því að vera eftirsóttur vinnustaður sem við erum stolt af og erum fremst á okkar sviði. Við notum gagnsæ og öguð vinnubrögð og leggjum áherslu á að vinna með fólki.

Áhersluverkefni

Forgangsröðun í gagnamálum til þriggja ára	Gagna
Grænt bókhald Umhverfisstofnunar - 2016	Rekstrar
Minni pappírnotkun	Rekstrar
Slá á efra bílastæði á S-24 í samráði við Reiti	Rekstrar
Könnun á þjónustu sviðs þjónustu	Rekstrar
Bæta verkferla vegna leyfisveitinga á friðlýstum svæðum	Umsagna-og leyfis
Innleiðing útlitsmótunar	Upplýsinga
Aukin samvinna upplýsinga- og gagnateymis	Upplýsinga
Endurskoðun verkferils vegna framkvæmdar veiðinámskeiða	Veiði-og verndar
Heilsueflandi stjórnun	Yfirstjórn
Grunntímagjald endurskoðað	Yfirstjórn
Eignaskrá í samræmi við lög um opinber fjármál	Yfirstjórn
Aðferðafræði við uppgjör 5 ára stefnu Umhverfisstofnunar 2013-2017	Yfirstjórn
Rafhleðslustæði á S-24	Yfirstjórn
Stefna Umhverfisstofnunar	Yfirstjórn
Endurgerð stjórnendahandbókar	Yfirstjórn
Endurskoðun eineltisferla	Yfirstjórn
Gæðahandbókina á netið	Yfirstjórn
Heildaryfirsýn yfir innheimtu tekna	Yfirstjórn
Þjónustuborð teyma	Yfirstjórn
Endurskoðun jafnréttisáætlunar	Yfirstjórn

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁL- HRAÐI
Útgáfa ársskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsinga	-
Útgáfuáætlun	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsinga	-
Útgáfa umhverfisskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsinga	-
Útgáfa ársáætlunar	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsinga	-

Áætlaður rekstur árið 2017


Árið 2017 er áætlað að heildargjöld Umhverfisstofnunar nemi 1.949,5 m.kr., heildartekjur 535 m.kr. og afgangur í árslok 43 m.kr.

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á styrka og gagnsæja fjármálastjórn, aðhald á öllum sviðum og virkt eftirlit með innheimtu tekna. Sviðsstjórar, í samvinnu við fjármálastjóra, fylgjast mánaðarlega með þróun gjalda og tekna á sínu sviði í samburði við rekstraráætlun. Heildarstaða stofnunarinnar er rædd á yfirstjórnarfundum í kjölfarið og gripið til aðgerða ef þörf krefur.


Áætluð rekstrargjöld árið 2017

Mynd 1 sýnir hvernig áætluð rekstrargjöld Umhverfisstofnunar árið 2017 (1.553 m.kr.) skiptast niður á miðlægan rekstur og fagteymi stofnunarinnar.

Undir miðlægum rekstri er skrifstofa forstjóra, almennur rekstur, mötuneyti, starfsmannamál o.fl. Rekstrarteymi annast m.a. sí mavörslu, bókhald, launavinnslu og innkaup. Gagnateymi veitir þjónustu vegna upplýsingatækni og aðstoðar við að innleiða nýja tækni innan stofnunarinnar. Upplýs-



MYND 1



MYND 2

ingateymi annast heimasíðu og samfélagsmiðla stofnunarinnar, auk kynningar- og útgáfumála. Framangreind þrjú teymi tilheyra sviði þjónustu.

Neytendateymi, efnateymi og veiði- og verndarteymi tilheyra sviði sjálfbærni. Neytendateymi vinnur að verkefnum sem stuðla að grænna samfélagi og aukinni vitund almennings um umhverfismál. Efnateymi vinnur að því að skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Veiði- og verndarteymi vinnur að því að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna með stýringu á veiðum og nýtingu, auk þess að standa fyrir skotvopna- og veiðikortanámskeiðum um allt land.

Loftmengunarteymi, haf- og vatnsteymi og náttúrusvæðateymi tilheyra sviði náttúru. Loftmengunarteymi stuðlar að því að dregið sé úr

losun gróðurhúsalofttegunda og að almenningur og stjórnvöld séu upplýst um stöðu og horfur í loftslags- og loftgæðamálum, auk þess að fylgjast með losun loftmengunarefna. Haf- og vatnsteymi vinnur að því að dregið sé úr mengun hafs og stranda frá starfsemi á sjó og að brugðist sé rétt við bráðmengun, auk þess að viðhalda og bæta vatnsgæði, m.a. með bættri fráveitu. Náttúrusvæðateymi vinnur að því að tryggja verndargildi friðlýstra svæða til framtíðar, t.d. með landvörslu, fræðslu og bættum innviðum.

Umsagna- og leyfisteymi, friðlýsingateymi og eftirlitsteymi tilheyra sviði samþættingar. Umsagna- og leyfisteymi vinnur leyfi fyrir mengandi starfsemi og leyfi á friðlýstum svæðum, ásamt samþættingu umhverfissjónarmiða við áætlanir stjórnvalda og álitsgjöf um mat á umhverfisáhrifum. Friðlýsingateymi annast undirbúning friðlýs-

inga og vinnur verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir friðlýst svæði. Eftirlitsteymi annast eftirlit með mengandi starfsemi og samræmingu verkefna sem tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.


Áætlaðar rekstrartekjur árið 2017

Mynd 2 sýnir skiptingu helstu tekjustofna Umhverfisstofnunar árið 2017 en rekstrartekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 395,5 m.kr. Stærstu tekjustofnarnir eru vegna hreindýraveiðileyfa og veiðikorta en þeir falla báðir undir veiði- og verndarteymi (sjá mynd 1). Þetta eru að stærstum hluta svokallaðar gegnumstreymistekjur, þ.e. þær renna í sjóði í umsýslu stofnunarinnar og er síðan útteilt þaðan til þriðja aðila.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti auglýsir árlega veiðikvóta fyrir hreindýr samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar sem sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem ráðherra umhverfismála ákveður. Tekjurnar renna í hreindýrasjóð sem er í umsýslu Umhverfisstofnunar. Árið 2017 er áætlað að tekjur

vegna leyfa til að veiða hreindýr nemi 129 m.kr. Þar af verði 103,5 m.kr. greiddar í arð til landeigenda og 11,5 m.kr. til Náttúrustofu Austurlands sem vaktar hreindýraveiðar. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða. Gert er ráð fyrir að veiðikvóti hreindýra árið 2017 verði 1.315 dýr, 922 kýr og 393 tarfar. Verð fyrir tarfaleyfi er áætlað 140 þ.kr. og leyfi fyrir kú 80 þ.kr.

Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum verða allir sem stunda veiðar á þeim að hafa veiðikort. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikorta gegn gjaldi. Gjaldið rennur í veiðikortasjóð sem er í umsýslu Umhverfisstofnunar. Ráðherra umhverfismála úthlutar úr sjóðnum til rannsókna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum, auk þess sem hann stendur undir kostnaði Umhverfisstofnunar við útgáfu kortanna. Tekjur af veiðikortum árið 2017 eru áætlaðar 44 m.kr., þar af er gert ráð fyrir að framangreindir styrkir umhverfis- og auðlindaráðherra nemi 27 m.kr.



MYND 3. ÁÆTLAÐAR FRAMKVÆMDIR ÁRIÐ 2017 Í ÞJÓÐGARÐINUM SNÆFELLSJÖKLI OG Á FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM SKIPT EFTIR LANDSHLUTUM



Áætlaðar framkvæmdir árið 2017

Mynd 3 sýnir áætluð útgjöld við framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum skipt eftir landshlutum árið 2017, samtals kr. 340,5 m.kr. Þessar framkvæmdir eru annars vegar fjármagnaðar með fjárveitingum á fjárlögum (204,8 m.kr.) og hins vegar með styrkjum (135,7 m.kr.) einkum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Eins og myndin sýnir eru umfangsmestu framkvæmdirnar áætlaðar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli (172,5 m.kr.). Stærstur hluti þeirra (150 m.kr.) er vegna fyrsta áfanga við byggingu Þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi en áætlað er að sú framkvæmd taki þrjú ár. Á Suðurlandi eru áætlaðar framkvæmdir fyrir 86,5 m.kr., einkum við Gullfoss, Geysi, Dyrhólaey og Friðland að Fjallabaki. Á Vestfjörðum eru áætlaðar framkvæmdir fyrir 66,4 m.kr., einkum við Dynjanda.

Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða árið 2017

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður árlega taxta fyrir laun minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða þeim fyrir veiðarnar. Sveitarfélögin senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar, ásamt reikningum sem stofnunin endurgreiðir þeim í samræmi við taxta ráðherra. Samningar um greiðslur fyrir refaveiðar eru gerðir fyrirfram. Áætlað er að endurgreiðslur vegna refaveiða nemi 26 m.kr. árið 2017 og vegna minkaveiða 13 m.kr.

